

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Guðrúnar Gunnarsdóttur.

1. gr.
Heiti.

Sjálfseignarstofnunin heitir Minningarsjóður Guðrúnar Gunnarsdóttur og starfar samkvæmt lögum nr. 19/1988. Stofnunin stundar ekki atvinnurekstur.

2. gr.
Heimilisfang.

Stofnunin starfar í sveitarfélaginu Rangárþing eystra.

3. gr.
Markmið.

Markmið stofnunarinnar er að styrkja efnilega nemendur í tónlist í Rangárvallasýslu til frekara náms, með fjárhagsaðstoð. Ráðstafa skal fjármunum sjálfseignarstofnunarinnar þannig að styrkir séu greiddir til þeirra nemenda sem sjóðstjórnin veitir hverju sinni.

4. gr.
Stofnandi.

Stofnandi er frú Ása Guðmundsdóttir, kt. 280134-2289.

5. gr.
Stofnfé.

Stofnfé stofnunarinnar er kr. 3.000.000 sem lagt er fram af stofnanda, sbr. 4. gr. Stofnfé er óskerðanlegt. Stofnunin ber ábyrgð á skuldbindingum sínum með öllum eignum sínum og öðrum þeim verðmætum er hún kann að eignast síðar. Stofnandi hefur engin sérréttindi í stofnuninni.

6. gr.
Stjórn.

Stjórn stofnunarinnar skal skipuð þremur mönnum til 5 ára í senn. Jafnframt skulu við kjör á aðalmönnum í stjórn kosnir tveir menn í varastjórn til sama tíma. Stofnandi tilnefnir fyrstu stjórn, en eftirleidís mun fráfarandi stjórn við lok kjörtímabils kjósa nýja stjórn. Við val stjórnarmanna skal einfaldur meirihluti ráða. Stjórnin skiptir með sér verkum. Stjórnin stýrir öllum málefnum stofnunarinnar og kemur fram út á við fyrir hönd hennar. Stjórnin skal sjá til þess að skipulag og starfsemi hennar sé jafnan í réttu og góðu formi. Undirskriftir meirihluta stjórnar skuldbinda stofnunina. Stjórn stofnunarinnar getur veitt umboð fyrir stofnunina. Stjórnarmenn eru ólaunaðir.

Stjórnarfundir eru lögmætir ef meirihluti stjórnar sækir fund. Mikilvægar ákvarðanir má þó ekki taka án þess að allir stjórnarmenn hafi fjallað um málið, sé þess nokkur kostur. Halda skal fundargerðabók um það sem gerist á stjórnarfundum.

7. gr.
Fundarboðun.

Formaður stjórnar boðar til stjórnarfunda. Hver stjórnarmaður getur krafist þess að stjórnarfundur sé haldinn. Stjórnin skal setja sér starfsreglur þar sem nánar er kveðið á um framkvæmd starfa hennar.

8. gr.
Aðrar stjórnareiningar.

Stjórn stofnunarinnar er heimilt að ráða einn eða fleiri framkvæmdastjóra. Launakjör hans mega aðeins nema að hámarki 20% af vaxtatekjum sjóðsins.

Nr. 266

5. mars 2015

Framkvæmdastjóri á rétt til setu á stjórnarfundum þótt hann sé ekki stjórnarmaður en hann fer þó ekki með atkvæðisrétt. Framkvæmdastjóra ber að veita stjórnarmönnum og endurskoðendum allar upplýsingar um rekstur stofnunarinnar, sem þeir óska eftir og veita ber samkvæmt lögum.

9. gr.

Endurskoðendur.

Stjórn stofnunarinnar skal velja einn eða fleiri endurskoðendur/skoðunarmenn til að endurskoða reikninga stofnunarinnar fyrir hvert starfsára. Endurskoðendur má ekki kjósa úr hópi stjórnarmanna stofnunarinnar.

10. gr.

Reikningsárið.

Reikningsárið er almanaksárið og er fyrsta reikningstímabil frá stofnun til næstu áramóta.

11. gr.

Breyting samþykktu, slit og sameining.

Til þess að breyta skipulagsskrá þessari, sameina stofnunina annarri sjálfseignarstofnun eða leggja hana niður, þarf samþykki allra stjórnarmanna stofnunarinnar. Slíkt skal svo boríð skriflega undir embætti sýslumannsins á Norðurlandi vestra. Komi til niðurlagningar stofnunarinnar skal hreinni eign hennar varið til markmiða sem greint er frá í 3. gr. hér að ofan eða skyldra markmiða.

12. gr.

Staðfesting sýslumanns.

Leita skal staðfestingar sýslumannsins á Norðurlandi vestra á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Sýslumaðurinn á Norðurlandi vestra, 5. mars 2015.

Bjarni Stefánsson.

Auður Steingrímsdóttir.

B-deild – Útgáfud.: 20. mars 2015